

# HLUTHAFAFUNDUR EIMSKIPAFÉLAGS ÍSLANDS HF.

Þann 6. september 2018 kl. 16:00 er boðað til hluthafafundar í Eimskipafélagi Íslands hf., kt. 690409-0460, í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2.

## DRÖG AÐ DAGSKRÁ

- Kosning stjórnar félagsins
- Önnur mál, löglega upp borin

## REGLUR UM ÞÁTTTÖKU OG ATKVÆÐAGREIÐSLU Á FUNDINUM

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá, leggja fram ályktunartillögur og spyrja spurninga, með skriflegum eða rafrænum hætti. Kröfu þar um skal fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins eigi síðar en 10 dögum fyrir fund, fyrir kl. 16:00 þann 27. ágúst 2018. Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.com/investors](http://www.eimskip.com/investors)

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnst fimm dögum fyrir hluthafafund. Framboðstilkynningu má nálgast á skrifstofu félagsins. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu að fráðregnum eigin hlutum sem eru án atkvæðisréttar. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað. Hluthöfum sem ekki sækja fund stendur til boða að kjósa um dagskrármál með skriflegum hætti eða veita umboð. Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum.

Eigi síðar en fimm dögum fyrir fund þarf beiðni hluthafa um að kjósa með skriflegum hætti að berast félaginu. Hluthafar geta fengið atkvæðaseðla senda til sín, en einnig má nálgast þá í höfuðstöðvum félagsins þar sem greiða má atkvæði alla virka daga milli kl. 9:00 og 16:30. Atkvæðin skulu berast félaginu fyrir fundinn. Hluthafar geta veitt skrifleg umboð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Slik umboð skulu berast félaginu áður en fundur hefst eða við skráningu á fundarstað. Nánari upplýsingar um atkvæðareglur og notkun umboða er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.com/investors](http://www.eimskip.com/investors)

## AÐRAR UPPLÝSINGAR

Skjöl sem lögð verða fyrir fund er að finna á vefsíðu félagsins: [www.eimskip.com/investors](http://www.eimskip.com/investors)

Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Korngörðum 2, 104 Reykjavík, virka daga milli kl. 9:00 og 16:30.

Endanleg dagskrá og tillögur stjórnar verða birtar einni viku fyrir fundinn. Berist tillögur frá hluthöfum verða þær birtar viku fyrir fundinn ásamt uppfærðri dagskrá.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá kl. 15:30 á fundardegi.

Reykjavík, 10. ágúst 2018,

**Stjórn Eimskipafélags Íslands hf.**

